

Borgarráð 16.8.'18: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um hækkun byggingarréttargjalds - R18060139

Lagt er til að Reykjavíkurborg hækki byggingarréttargjaldið úr 45 þúsund krónum á fermetra upp í 53 þúsund krónur á fermetra og nýti umfram innkomu til þess að tvöfalda stofnframlag borgarinnar til félagslegra íbúða og íbúðaruppbyggingar á vegum óhagnaðardriffinna leigufélaga. Með því að hækka byggingarréttargjaldið almennt, þá er í raun verið að skattleggja verktaka og lóðabraskara sem leitast við að hagnast á byggingu hótélíbúða fyrir ferðamenn eða á sölu lúxusíbúða. Hækkun byggingarréttargjaldsins almennt myndi því fjármagna aukið stofnframlag borgarinnar til íbúða sem eru ætlaðar hinum efnahagslega verr stöddu. Þannig væri verið að eyða verðhækkandi áhrifum byggingarréttargjaldsins á félagslegar íbúðir og íbúðir í óhagnaðardrifnum leigufélögum. Til að gefa dæmi um hvernig þessi breyting kynni að líta út má taka ímyndað dæmi. Ef 25% nýrra íbúða eru innan félagslega kerfisins og þær eru almennt minni en þær íbúðir sem byggðar eru á hinum óhefta markaði, til dæmis 50% minni að meðaltali, þá mætti fella út verðáhrif byggingarréttargjaldsins á félagslegar íbúðir með því að hækka gjaldið á aðrar íbúðir úr 45 þúsund krónum í 53 þúsund krónur á fermetra.